

Reglur Fljótsdalshéraðs um framlög til stjórnálasamtaka á sveitarstjórnarstigi.

Úr lögum um fjármál stjórnálaflokka og frambjóðanda.

5. gr. *Framlög til stjórnálasamtaka frá sveitarfélögum.*

Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnálasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, árleg fjárfamlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga er heimilt að setja viðmiðunarreglur til að stuðla að samræmdri framkvæmd á greiðslum framlaga frá sveitarfélögum til stjórnálasamtaka samkvæmt þessari grein. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru skal úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að stjórnálasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.

Reglur Fljótsdalshéraðs.

Á grundvelli 5.gr. laga nr. 162/2006, með síðari breytingum, eru reglur Fljótsdalshéraðs um framlög eftirfarandi:

Framlag til stjórnálasamtaka sem bjóða fram til sveitarstjórnar skal ákvarðað af bæjarstjórn í fjárhagsáætlun viðkomandi árs og skal óskipt ársframlag tilgreint þar á sérstökum bókhaldslykli. Úthlutun fer fram að loknum kosningum til þeirra stjórnálasamtaka sem hlotið hafa a.m.k. 5% atkvæða eða einn mann kjörinn, til samræmis við framangreind lög. Framlagið greiðist síðan miðað við hlutfallsskiptingu atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum í sveitarfélaginu. Framlag skal greitt til stjórnálasamtaka í samræmi við samþykktir þeirra og gjaldfærast á viðkomandi reikningsári.

Samþykkt í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs 6. október 2010.